

# Fornleifauppgröftur við Tryggvagötu 13. Framkvæmdarannsókn

---




Gísli Pálsson & Mjöll Snæsdóttir.



FS572-15241

Reykjavík

2015



©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

## Efnisyfirlit

|                                      |    |
|--------------------------------------|----|
| Inngangur .....                      | 4  |
| Markmið og framkvæmd.....            | 4  |
| Saga lóðarinnar.....                 | 6  |
| Niðurstöður .....                    | 8  |
| Lokaorð.....                         | 12 |
| Heimildir .....                      | 13 |
| Viðauki 1: Sniðteikning .....        | 15 |
| Viðauki 2: Ljósmyndir af sniði ..... | 19 |

## Inngangur

Sumarið 2015 barst Minjastofnun Íslands bréf um fyrirhugaðar framkvæmdir á Tryggvagötu 13. Á lóðinni liggur sjóvarnargarður sem byggður var frá 1913-1917 (fornleifar 3-98 og 3-97). Einnig lá Geirsbryggja á lóðinni og sést hún á korti Sveins Sveinssonar frá árinu 1887 og á korti Landmælingardeildar danska herforingjaráðsins frá 1902.<sup>1</sup>

Mat Minjastofnunar Íslands á niðurstöðum forkönnunar var að allar fyrirhugaðar framkvæmdir við Tryggvagötu 13 þyrftu að fara fram undir eftirliti fornleifafræðings og að allar minjar sem kynnu að finnast þyrfti að rannsaka með hefðbundnum aðferðum fornleifafræðinnar.<sup>2</sup> Framkvæmdaefirlit og fornleifauppgröftur fór fram frá 27. maí til 12. júní 2015, og sá Fornleifastofnun Íslands um það. Verkstjórn var í höndum Gísla Pálssonar en auk hans unnu við verkið fornleifafræðingarnir Stefán Ólafsson, Garðar Guðmundsson og Hrönn Konráðsdóttir. Gísl Pálsson sá um úrvinnsluna.


## Markmið og framkvæmd.

Rannsóknarsvæðið var lóðin Tryggvagata 13. Allur grunnurinn var grafinn niður um 3 metra með vélgröfu. Hættusvæðið þar sem sjóvarnargarðurinn sást á eldri kortum var vel skilgreint og var fornleifafræðingur ávallt á staðnum þegar grafið var frá garðinum. Var reynt að skipuleggja vinnuna út frá þessum þáttum og í samstarfi við verktakana á svæðinu svo að hægt væri að vinna fornleifarannsóknir meðfram annari vinnu eins mikið og hægt var.

Grafið var frá garðinum að neðstu steinaröð, en garðurinn náði iðulega undir vatnsborðið og lá VNV-ASA og VSV-ANA (sjá mynd 1).

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermansson 1988 og kort í Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson 1987.



Mynd 1. Yfirlitsmynd. Garðurinn sést eins og hann kom fram við rannsóknina og er hrunið úr honum í miðju.

Garðurinn var myndaður og mældur upp með alstöð. Forritin ArcGIS, AutoCAD, Agisoft Photoscan og Adobe Illustrator voru notuð til að leiðrétta ljósmyndir, staðsetja garðinn og teikna hann upp. Teikning af garðinum, bæði flatarteikning og snið, var gerð og vistuð í .DWG sniði.

## Saga lóðarinnar

Tryggvagata er lögð eftir uppfyllingu sem gerð var við hafnargerðina 1913-1917.<sup>3</sup> Fyrir þann tíma var ekki höfn í Reykjavík. Þeir sem reru til fiskjar frá gamla Reykjavíkurbýlinu höfðu uppsátur þar sem hét Grófin og er líklegt að það sé elsta lendingin á þessum slóðum. Eftir að stofnað var til kaupstaðar í Reykjavík voru reistar bryggjur við ströndina. En ekki gátu stór skip lagst að þessum bryggjum. Skip lágu við akkeri úti fyrir ströndina og var varningur fluttur á bátum frá skipi í land.

Á uppdrætti af Reykjavík 1787 er aðeins sýnd ein bryggja út frá fjörunni, og er hún aðeins vestar en Aðalstræti, væntanlega í Grófinni. Á yngri uppdráttum má sjá að trébryggjum fjölgar á 19. öldinni, og á korti frá 1902 eru þær orðnar 7. Allar höfðu þessar bryggjur nöfn, gjarnan kenndar við kaupmenn.

Ýmislegt óhagræði var vegna þess að hafnaraðstaða var ekki góð. Thorvald Krabbe lýsir því m.a. þannig:

„Reykjavík Havn – eller Red – var fra Naturens Haand meget mangelfuld. I Vindretninger fra Vest over Nord til Øst var der kun ringe Dækning. Navnlig i vestlige Vindretninger med Storm rullede de vældinge Atlanterhavsølger ind mellem Øerne, som ellers syntes at dække saa pænt for Reden, og skabte ofte saa megen Uro baade paa Ankerpladserne og ved

---

<sup>3</sup> Páll Línal 1988, bls 126.

Landingsbroerne (for Lossebaade), at Forbindelsen mellem Skibene derved blev umuliggjort i Dagevis.”<sup>4</sup>

Þegar Reykjavík tók að vaxa og verslun að aukast. varð þörfin meiri fyrir bryggjur og hafnarmannvirki. Ýmis áform höfðu verið uppi um hafnargerð í bænum í meira en hálfa öld áður en loks var hafist handa. Meðal annars hafði komið upp sú hugmynd að hafa höfnina í Skerjafirði, og önnur um að gera höfn í Tjörninni og grafa leið til sjávar. Til mun hafa verið hafnarnefnd í Reykjavík frá árinu 1855. En ekki treystu menn sér til í þessum litla bæ að ráðast í framkvæmdir fyrr en komið var fram á 20. öld. Reykjavíkurhöfn var gerð á árunum 1913-17. Á meðal nýjunga sem sú framkvæmd hafði í för með sér var að járnbrautarteinar voru lagðir milli hafnarstæðisins og staða þar sem grjót og sandur til verksins var fengið, og eimreiðar látnar draga vagna með efniviðnum. „Reykjavíkurhöfn var um langt skeið einstætt mannvirki á Íslandi og átti án nokkurs vafa stóran þátt í að gera Reykjavík að höfðusetri verslunar, vöruflutninga og togaraútgerðar í landinu.“<sup>5</sup>

Á lóðinni Tryggvagötu 13 var við framkvæmdir 2015 komið niður á leifar sjóvarnargarðs sem gerður var við hafnarframkvæmdirnar 1913-17. Eftir það verk reyndist fljótlega þörf á frekari viðbótum og gerðar voru uppfyllingar út fyrir þennan garð. Á þessari lóð hefur það væntanlega verið á árunum 1929-1938. Stórhýsin beggja vegna lóðarinnar Tryggvagötu 13, eru reist á öðrum fjórðungi 20. aldar, Tryggvagata 11 árið 1945 og Tryggvagata 15 í nokkrum áföngum, hinn fyrsti 1930. Á lóðinni sem nú er talin Tryggvagata 13 hafa hins vegar ekki staðið viðamikil mannvirki, en þar voru lengi ýmsar skúrbyggingar, m.a. fyrir starfsemi Skipaútgerðar ríkisins.<sup>6</sup>

Á síðustu árum hafa ýmsar minjar verið rannsakaðar á lóðum við Tryggvagötu og Hafnarstræti. Vegna byggingar tónlistarhúss við Reykjavíkurhöfn og breytinga á lögnum sem

---

<sup>4</sup> Th. Krabbe 1946, bls. 161-162.

<sup>5</sup> Kristján Sveinsson 2009, bls 33.

<sup>6</sup> Anna Lís Guðmundsdóttir ofl, bls. 57-58.



gerðar voru í því sambandi hafði verið gerð rannsókn á fornleifum 2006 og 2007 nærri austurenda Hafnarstrætis. Þar var komið niður á bæði húsgrunna og sjóvarnargarða, frá mismunandi tímum.<sup>7</sup>

## Niðurstöður

Garðurinn var um 40m langur á lengri hliðinni og 20m langur á þeirri styttri, og heldur hann áfram inn á næstu lóð fyrir norðan (Tryggvagötu 11) og undir Mýrargötu. Hann var allt að 3m hár, 2m breiður og hallaði talsvert.

Garðurinn var heillegur og helsta spurningin sem vaknaði var hvort skarð fyrir miðjum garði hafi verið hluti af upprunalegri byggingarmynd eða hafi tilheyrt seinni framkvæmdum eða hnjaski (sjá mynd 2).



*Mynd 2: Hrunið úr garðinum myndað í suðvesturátt.*

---

<sup>7</sup> Oscar Aldred 2007 og 2009.



Á ljósmynd (sjá mynd 3) eftir Magnús Ólafsson af varnargarðinum sést viðarbryggja sem liggur útfrá garðinum, en ekki virðist hafa þurft að mynda skarð í garðinn til að koma henni fyrir.



*Mynd 3: Ljósmynd eftir Magnús Ólafsson frá 1920-1925. Mynd tekin í vesturátt.*

Frekari rannsóknir bentu til þess að skarðið hafi myndast eftir byggingu garðsins; mögulega hefur hrunið úr garðinum af sjálfu sér eða honum hefur verið rutt niður við síðari framkvæmdir á lóðinni. Þegar hreinsað var frá garðinum komu fram steinar *in situ* (mynd 4) og veittu þeir staðfestingu á að skarðið hafi myndast við hrun úr garðinum.



*Mynd 4: Heillegar steinbleðslur komu í ljós undir brunlagi. Mynd tekin í suðvesturátt.*

Garðurinn var að mestu hlaðinn úr sjávargrjóti en einnig var notast við tilhöggna steina úr blágrýti og hrauni. Víða mátti sjá ummerki viðgerða á garðinum (sjá mynd 5), einna helst við suðurendann (sjá mynd 1).





*Mynd 5: Talsvert hraungrýti situr ofan á lábörðu blágrýti og mætti túlka sem lagfæringar á garðinum. Myndin er tekin í suðvesturátt.*

Engir gripir fundust í byggingarlagi garðsins en mikið var um járn- og viðarmuni sem hafa lagst upp að garðinum. Helst má nefna stórar skipsskrúfur sem sátu að hluta til ofan á garðinum við suðurhornið (sjá myndir 1 og 6).



*Mynd 6: Loftmynd sýnir járnskrúfur sem fundust við suðurhorn varnargarðsins.*

## Lokaorð

Sjóvarnargarðurinn var eina mannvirkið sem fannst á lóðinni, þó mátti sjá móta fyrir steypu- og járnleifum í jarðveginum sem lá fyrir vestan garðinn. Minjastofnun Íslands taldi ekki nauðsyn að varðveita garðinn og var hann fjarlægður undir eftirliti fornleifafræðinga.

## Heimildir



- Anna Lís Guðmundsdóttir, Páll V. Bjarnason, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2005. *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurböfn*. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 117. Reykjavík.
- Aldred, Oscar. 2007. THR-06-07: *The Archaeology of the Reykjavík Waterfront: framvinduskýrsla*. Fornleifastofnun Íslands, FS353-06322. Reykjavík.
- Aldred, Oscar. 2009. THR-07: *The Archaeology of the Reykjavík Waterfront II: framvinduskýrsla*. Fornleifastofnun Íslands, FS429-06323. Reykjavík.
- Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. 1987. *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Torfusamtökin, Reykjavík.
- Krabbe, Thorvald. 1946. *Island og dets tekniske udvikling gennem tiderne*. Kaupmannahöfn.
- Kristján Sveinsson. 2009. *Íslenskar hafnir og hafnargerð*. Siglingastofnun: Kópavogur.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík
- Lúðvík Kristjánsson. 1952. *Úr bæ í borg, nokkrar endurminningar Knud Zimsens*. Reykjavík.
- Páll Línal. 1988. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. R-Ö. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Salvör Jónsdóttir og Nanna Hermansson 1988. *Scandinavian Atlas of Historic Towns No. 6. Iceland Reykjavík*. Árbæjarsafn, Reykjavík.





## Viðauki 1: Sniðteikning






Tryggvagata 13

|           |                                     |
|-----------|-------------------------------------|
| Nýminjar  | 0 1<br>M<br>MÆLIKVARÐI<br>1:50 Á A4 |
| Steinn    |                                     |
| Vatnsborð |                                     |




NV



Vatnsborð

NA

SV




Vatnsborð

Tryggvagata 13

- Nýminjar
- Steinn
- Vatnsborð







|                |          |  |           |
|----------------|----------|--|-----------|
| Tryggvagata 13 |          |  |           |
|                | Nýminjar |  | Steypa    |
|                | Steinn   |  | Vatnsborð |

|                |           |  |        |
|----------------|-----------|--|--------|
| Tryggvagata 13 |           |  |        |
|                | Nýminjar  |  | Steinn |
|                | Vatnsborð |  |        |

## Viðauki 2: Ljósmyndir af sniði





























